

Fimmtudaginn 29. febrúar 1996.

Nr. 124/1994.

Protabú Kaupfélagsins Fram

(Sigmundur Hannesson hrl.)

gegn

Lífeyrissjóði Austurlands

(Atli Gíslason hrl.)

Skuldabréfamál. Veðskuldabréf. Nauðasamningur. Gjaldþrotaskipti. Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Arnljótur Björnsson og Eiríkur Tómasson prófessor.

Kaupfélagið Fram skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. mars 1994 og krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara er þess krafist, að staðfest verði, að kröfur stefnda á hendur áfrýjanda falli undir nauðasamning áfrýjanda við lánardrottna sína, en samningurinn var staðfestur af skiptaráðandanum í Neskaupstað 30. október 1989. Jafnframt krefst áfrýjandi þess, að þrjár nánar tiltekna greiðslur komi til lækkunar kröfu stefnda, eftir að þær hafi sætt skerðingu samkvæmt nauðasamningi. Í þessu tilviki krefst áfrýjandi þess, að málskostnaður verði látinn falla niður. Til þrautavara gerir áfrýjandi kröfu, sem er sama efnis og varakrafa hans að öðru leyti en því, að ekki er krafist frádráttar vegna einnar nánar tilgreindrar greiðslu. Til ýtrustu vara er þess krafist, að kröfur stefnda verði lækkaðar að mati Hæstaréttar svo og, að málskostnaður verði felldur niður.

Fyrir Hæstarétti krafðist stefndi upphaflega staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Við munnlegan málflutning lækkaði hann hins vegar kröfu sína um 5.627.433 krónur. Er hér um að ræða greiðslu, er Samband íslenskra samvinnufélaga, sem er samskuldari áfrýjanda, innti af hendi 16. desember 1994 til stefnda upp í skuld þá, sem deilt er um í málinu.

Samkvæmt stefnu í héraði dró stefndi frá höfuðstól kröfu sinnar 3.132.162 krónur, sem hann fékk greiddar frá öðrum en áfrýjanda, þ. e. af uppboðsandvirði fasteignar þeirrar, sem var að veði fyrir hinni umdeildu skuld.

I.

Fyrir Hæstarétt voru lögð gögn þess efnis, að bú kaupfélagsins Fram var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 11. júlí 1995. Breytist aðild málsins í samræmi við það samkvæmt 3. mgr. 22. gr., sbr. 166. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, svo sem þeim var breytt með lögum nr. 38/1994.

Kröfu áfrýjanda um, að staðfest verði, að dómkröfur stefnda á hendur áfrýjanda falli undir fyrrnefndan nauðasamning frá 30. október 1989, verður að skilja svo, að kröfur stefndu beri að lækka hlutfallslega í samræmi við ákvæði nauðasamningsins. Hefur áfrýjandi í greinargerð í héraði skýrt nánar tölulega, hvað í kröfu hans felst.

II.

Málatilbúnaður stefnda miðast einvörðungu við það, að nauðasamningurinn eigi ekki að hafa áhrif á kröfu hans í þessu máli. Miðar hann ekki við þá málsástæðu, að nauðasamningurinn sé fallinn úr gildi, t. d. vegna ákvæðis 2. mgr. 62. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl., heldur, að varnir áfrýjanda á grundvelli nauðasamningsins fái ekki komist að í málinu, vegna þess að það sé rekið sem skuldabréfamál eftir reglum XVII. kafla laga nr. 91/1991.

Á það verður ekki fallist. Skrifleg gögn um nauðasamninginn liggja fyrir, og er áfrýjanda heimilt að koma þessari vörn að samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 118. gr. laga nr. 91/1991.

III.

Stefndi hefur viðurkennt, að fyrrnefndar innborganir, að fjárhæð 3.132.162 og 5.627.433 krónur, skuli draga frá kröfu hans, þótt niðurstaða yrði sú, að varnir áfrýjanda, reistar á nauðasamningi, kæmust að í málinu og hann yrði talinn binda stefnda samkvæmt 1. mgr. 46. gr., sbr. 21. og 22. gr. laga nr. 19/1924 um nauðasamninga, sbr. og 2. mgr. 43. gr. sömu laga. Hins vegar hefur hann ekki gert grein fyrir því, á hvern hátt greiðslur þessar skuli draga frá kröfunni í því tilviki.

Af framangreindum ástæðum þykir ekki unnt að leggja efnisdóm á málið. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.
